



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 27. október 2021
SFS2021060294
218. fundur
HG/img/aög

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um upplýsingar handa foreldrum vegna aðlögunar barna í leikskóla

Á fundi borgarráðs 24. júní 2021 lagði áheyrnafulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn.

Fulltrúi Flokks fólksins hefur orðið þess áskynja að foreldrar barna sem eru að hefja leikskólagöngu í haust er haldið í óvissu með hvenær börn þeirra geta hafið aðlögun. Óvissa er ávallt slæm og hefur neikvæð áhrif á líðan auk þess sem það raskar því að hægt sé að skipuleggja vinnu, pössun og fleira í kringum barnið. Óskað er upplýsinga um af hverju ekki er hægt að upplýsa foreldra um þessa hluti og þeim sagt með nokkurri nákvæmni hvenær barn þeirra getur hafið aðlögun á komandi hausti. Enda þótt mönnun liggi ekki endanlega fyrir má það alls ekki bitna á þjónustuþegum. Þetta er eitt af þeim hlutum sem borgarmeirihlutinn/skóla- og frístundasvið verður að taka ábyrgð á og sjá til þess að fjölskyldur séu ekki settar í óþarfa óvissu og uppnám vegna vanda sem tengist rekstrinum.

Svar:

Samkvæmt upplýsingum úr innritunarkerfi borgarinnar Völu 26. október 2021 eru 56 börn með boð um vistun í leikskóla samþykkt af forráðamanni, ekki komin með dagsetningu um það hvenær leikskóladvöl getur hafist. Í einhverjum tilvikum er um að ræða að ekki er hægt að setja inn upphafsdagsetningu í Völu þar sem ekki hefur verið skráð inn í kerfið hvenær barnið hættir t.a.m. þegar börn eru að fara milli leikskóla.

Þegar foreldrum er boðin leikskóladvöl fyrir börn sín fá þau sent bréf sem heitir *Boð um leikskóladvöl* þar sem eftirfarandi kemur fram:

Leikskólastjóri gefur nánari upplýsingar um leikskólann, hvenær leikskóladvöl getur hafist og hvernig aðlögun verður háttað. Það veltur á ýmsum þáttum hvenær barn hefur leikskóladvöl, s.s. hvenær elstu börnin í leikskólanum hætta, hvort tekist hefur að ráða í lausar stöður og hvenær það hentar foreldrum/forsjáraðilum að byrja. Athugið að boð þetta er með fyrirvara um að ráðið hafi verið í lausar stöður í leikskólanum áður en vistun barnsins getur hafist.

Mikilvægt er að hafa í huga að segja ekki upp dvalarsamningi hjá dagforeldri eða sjálfstætt starfandi leikskólum fyrr en að fenginni staðfestingu frá leikskólastjóra á framangreindum leikskóla um það hvenær leikskóladvöl getur hafist.

Uppsagnarfrestur á dvalarsamningi hjá dagforeldrum og sjálfstætt starfandi leikskólum er hið minnsta einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg.

Eins og fram kemur í textanum hér að ofan er foreldrum gerð grein fyrir mikilvægi þess að eiga samtal við stjórnanda leikskólans áður en þau segja upp dvalarsamningi eða gera aðrar ráðstafanir.